

Dr. Helgi Pjeturss:

EKKI ÓFYRIRSJÁANLEGT

I.

Fróðleg þótti mjer þessi grein í Morgunblaðinu í dag, sem heitir „Hver sigraði í styrjöldinni?“, og þýdd er úr Bandaríkjatímaritinu „Current History“. Og athyglisverð ust þó þessi orð í greinarlokin: „Nema hið ófyrirsjáanlega komi fyrir, lítur út fyrir að það þurfi emiþá eitt heimsstríð til þess að gera út um það, á hvaða grundvelli sannstarf þjóðanna á að byggjast í framtíðinni: Samband sósialistískra Sovjet ríkja eða Bandaríki heimsins.“

Það virðist ekki esamál að him vitri greinarhöfundur virðist helst telja 3. heimsstyrjöldina vísa. En mæla vil jeg móti því, að ófyrirsjáanlegt sje hvað gæti komið í veg fyrir hana. Því að jeg hygg að með vissu megi segja hvað það er. Nokkur ný þekking þarf að koma fram, og er raumar nokkurt upphaf þeirrar þekk ingar nú þegar orðið. Mundu þau nýju vísindi taka mjög skjótum þroska, ef undir það upphaf væri tekið. Mundu þá skamt til þess, að jafnvel mætti kalla homo sapientior í stað homo sapiens, (eins og nafn mannkynsins í dýrafraðinni nú er. Sapientior: betfur skynseni gæddur, vitrari).

En takist ekki að afstýra 3. heimsstyrjöldinni, virðist mjer óliklegt að mikil miundi verða að ræða um samstarf þjóða upp úr. Því. Allmiklar likur eru til þess, að sú styrjöld miundi leiða til fullkomins niðurfalls menningarinnar. Að því er þeir segja, sem helst mega teljast dómbærir, er eyðileggingarnáttur hernadartækninnar, nú þegar orðinn svo mikill að algerlega mætti á skamni stuðu legga í rústir stærstu borgir jarðarinnar, New York og London, og ekki einungis það; heldur jafnvel valda manndauða svo miklum, að tugum miljóna skifti.

II.

Það þarf að lita á alt þetta mál frá sjónarmiði náttúrufræðinnar meir en gert hefir verið. Það þarf að átta sig á hinum tveim stefnum framvindumar. Styrjaldirnar eru helstesnueinkenni, og meðan helstefnan ræður, getur ekki orðið endir á ófriði öðruvísi en þannig, að mannkynið liði undir lok. Annað einkenni helstefnumnar eru slysin. Hjer á landi hafa slysin á þessum síðustu tíum verið í ljótasta lagi.

Parf ekki annað en minna á það hve hörmulega 3 smábörn hafa látið lífið á nokkrum dögum, tvö dreppin á götu úti, en hið þriðja kafnað í mykjuhaug. Svo ömurleg slys mundu ekki eiga sjer stað hjá íslenskri þjóð sem væri farin að átta sig á manmkyndhlutverki sínu. En það væri saman sem upphaf hinnar nauðsynlegustu stefnubreytingar. Raunar má nú sjá nokkur merki þess, að hin mikla stefnubreyting gæti orðið jafnvel þó að íslenska þjóðin áttaði sig ekki á hlutverki sínu. Virðist mjer þar athyglisverðast það sem lesa má í bók eftir enska liðsforingjann Ripley Webb er heitir „A meaning to Life“ (Um tilgang lífsins). Gerir höfundurinn (S. 131) ráð fyrir því, að manukynið minni, ef til vill, sjá fram á, að frekari framfarar verði ekki kostur, án sam starfs þeirra sem byggja jarðstjörnum lengra komnar en vor er. „The threads of man's activities are being drawn to a point where he may see the impossibility of further progress without the co-operation af those

who inhabit worlds more advanced than his own.....“

Orðin „Although unity will be the keynote of the Great Newness“ (á sömu bls.), benda einnig til nokkurs skyldleika við hugsun Nýals, þó að allmiklu þokulegar sje að orði komist.

Bækur Webbs eru allmikið lesnar og miklar likur til að fleiri komi, og virðist mega gera sjer nokkrar vonir um, að þar kunni að koma fram þessi aðall hugsun um samband mannkyns vors við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins, svo aukin og endurbætt, að duga mundi til framfarahorfs. Muindi þar óeflað greiða fyrir, ef nokkur hundr uð manns hjer á landi hefðu mikinn hug á því, að svo gæti orðið.

Helgi Þjeturss.

E.S. Í bók minni „Pónýall“ s. 253, hefir misritast Webbs f. Webb.

H. P.